

Skóli á krossgötum

Lokaskýrsla Erasmus+ verkefnis 2014

2014-1-IS01-KA101-000038

Menntaskólinn við Sund

The main elements to be mentioned are: context/background of the project; objectives; number and type/profile of participants; description of undertaken activities; results and impact attained; if relevant, longer-term benefits.

Markmið með Erasmus+ verkefninu Skóli á krossgötum 2014-2015 var að stuðla að framförum á sviðum faglegrar stjórnunar, starfendarannsókna, sögukennslu og bókasafns- og upplýsingatækni. Markmið skólans er að bjóða upp á framsækið skólastarf sem gerir nemendur hæfari til þátttöku í nútímalegu alþjóðlegu umhverfi. Skólinn vill finna leiðir til þess að auka sveigjanleika í námi til þess að geta betur komið til móts við þarfir allra nemenda og til að minna brotthvarf. Áhersla er lögð á að skapa góð skilyrði til náms, fjölbreytilega kennsluhætti, nýtingu upplýsingatækni í kennslu, góðan tækjakost og símenntun starfsmanna. Í forgrunni eru fjölbreyttir náms- og kennsluhættir, öflugt þróunarstarf, góður undirbúningur fyrir háskólanám og fagleg ráðgjöf sem og alþjóðlegt samstarf nemenda og kennara og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Þrír fulltrúar úr starfendarannsóknarhópnum sóttu alþjóðlega ráðstefnu í York á Englandi í júlí 2014 undir yfirskriftinni Value and Virtue in Practice-Based Research. Sjá dagskrá í viðhengi Það voru Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor, Lóa S. Kristjánsdóttir, sögukennari og Melkorka Matthíasdóttir fagstjóri í jarðfræði. Þar hélt Hjördís erindi og kynnti starf rannsóknarhópsins og rannsóknir þriggja fulltrúanna sem sóttu ráðstefnuna. Þar voru kynntar margvíslegar starfendarannsóknir sem unnar hafa verið í löndum víðs vegar um heiminn á sviði skólastarfs. Einnig voru flutt erindi um aðferðafræði starfendarannsókna. Markmið starfsmannanna var að efla hæfni sína í starfendarannsóknum og skapa alþjóðleg tengsl á þessu sviði með möguleika á áframhaldandi samstarfi.

Þrír faglegir skólastjórnendur þau Sigurrós Erlingsdóttir, kennslustjóri, Dögg Árnadóttir, skrifstofustjóri og Ólafur Sigurðsson, hagfræðikennari ásamt 40 starfsmönnum fóru í fræðsluferð til Danmerkur í febrúar 2015 til að heimsækja framhaldsskóla og kynna nýjungum í dönsku skólastarfi, sjá dagskrá í viðhengi. Tilgangurinn var að efla evrópst samstarf skólans sem er liður í að nútímavæða starfið með áherslu á verkefnatengt nám og leiðsagnarmat. Þetta mun nýtast í baráttunni gegn brotthvarfi nemenda í skólanum. Skólinn vinnur nú að gerð nýrrar skólanámskrár sem mun taka gildi haustið 2015 og einnig eru nú skoðaðir möguleikar á kerfisbreytingu á stundatöflu nemenda og mun þessi kynnisferð nýtast við þann undirbúning.

Fimm sögu- og félagsgreinakennarar sóttu ráðstefnu Euroclio, evrópsku sögukennarasamtakanna, í apríl 2015 í Helsingör í Danmörku, sjá dagskrá í viðhengi. Það voru þau Brynhildur Einarsdóttir, fagstjóri í sögu, Hafsteinn Óskarsson, landafræði og jarðfræðikennari, Lóa S. Kristjánsdóttir, sögukennari, Margrét Haraldsdóttir, sviðstjóri félagsvísinda og félagsfræðikennari og Sigmar Þormar,

fagstjóri í félagsfræði. Á ráðstefnunni var áherslan á lýðræði og kynningu á nýjungum í kennslu og námsgagnagerð um lýðræði víðs vegar um Evrópu. Markmiðið kennaranna var að kynna sér kennslu um lýðræði, kynna alþjóðlegu starfi á sínu fagsviði og mynda tengsl við evrópska sögukennara.

Forstöðumaður Bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar MS, Þórdís T. Þórarinsdóttir, heimsótti framhaldsskóla (job shadowing) í Málmey í Svíþjóð og Kaupmannahöfn í Danmörku í maí 2015. Sjá dagskrá í viðhengi. Markmiðið var að kynna þar starfsemi skólasafna með tilliti til kennslu í upplýsingalæsi, uppbyggingu safna og notkun, upplýsingaþjónustu sem og notkun rafræns efnis, einkum rafræns kennsluefnis svo og rafrænnar upplýsingaþjónustu. Ferðin var skipulögð í samstarfi við fagfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga. Ávinningur ferðarinnar er m.a. að hún stuðlar að eflingu bókasafns og upplýsingamiðstöðvar skólans sem er ein af meginstöðum öflugs skólastarfs.

Allar ferðirnar samrýmast vel stefnu skólans og auka faglega hæfni starfsmannanna, skapa ný tækifæri til starfsþróunar og stuðla að ánægju í starfi.

To what extent were the objectives of the European Development Plan achieved? How were they reached? Please comment on any objectives that were not achieved in the project. Please describe achievements that exceeded initial expectations.

Markmið skólans er að stuðla að stöðugri starfsþróun starfsmanna í gegnum nám alla ævi m.a. með því að hvetja þá til að vera á faraldsfæti milli Evrópulanda til að auka þekkingu sína og víðsýni. Erasmus+ verkefnið hjálpar okkur við að vinna að því markmiði.

Markmið skólans er að auka gæði og skilvirkni náms og minnka brotthvarf, sérstaklega á fyrsta námsárinu í MS. Ný kennslufræðileg áhersla á að auka virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu sem áhersla verður á í nýrri námskrá skólans mun hjálpa okkur við að ná þessum markmiðum. Námsferðir starfsmanna í Erasmus+ verkefninu t.d. til York og Danmerkur efla hæfni þeirra til að vinna í þessum anda og stuðlaði að þessari markmiðssetningu í nýrri námskrá skólans.

Markmið skólans er að stuðla að jafnræði, félagslegri samheldni og virkri þátttöku fólks í samfélaginu með því að efla þessa þætti í starfsemi skólans sjálfs þannig að starfsfólk og nemendur fái þjálfun í þessum þáttum. Áherslan á lýðræði í Euroclio námsferðinni hjálpar okkur á þessu sviði.

Skólann hefur sett sér markmið um að nýta nýjustu tækni og upplýsingatækni á öllum sviðum og þurfum við auka áherslu þar til að ná þeim markmiðum.

How did the participating organisations contribute to the project? What experiences and competencies did they bring to the project?

Þátttaka í ráðstefnu um starfendarannsóknir í York: Kennarar MS kynntu á ráðstefnunni áherslu og starf kennara í starfendarannsóknarhópnum í MS og kynntu sér starfsemina á þessu sviði í skólum víðs vegar um heiminn í gegnum fyrirlestra og umræður á ráðstefnunni.

Skólaheimsókn til Danmerkur: Gestir fengu innsýn í framhaldsskólakerfi Danmerkur, uppbyggingu námskrár, áherslur skólanna og kennsluhætti. Kennarar MS nýttu t.d. þekkingu sína á samvinnunámi til að byggja upp áframhaldandi samstarf við kennara í Danmörku.

Ráðstefna um lýðræði: Þátttakendur kynntu helstu atriði ráðstefnunnar fyrir starfsmönnum MS þegar heim var komið. Þeir hafa nýtt sér hugmyndir frá ráðstefnunni í kennslu og gögn sem þeir fengu. Þá eru þeir að vinna að þverfaglegu samstarfi í nýrri námskrá skólanas, þar sem þeir munu nýta sér reynsluna af ráðstefnunni og þann innblástur sem hún veitti þeim.

Námsferð forstöðumanns bókasafns MS: Hún kynnti sér nýjungar á bókasöfnum í Svíþjóð og Danmörku sem mun nýtast henni við að byggja upp þjónustuna á bókasafni MS í nýju húsnæði frá janúar 2016.

How did you choose the receiving organisations?

Þátttakendur höfðu sjálfir frumkvæði að því að velja þær stofnanir sem þeir heimsóttu og völdu þær ýmist sjálfir eða í samráði við samstarfsmenn sína. Ráðstefnan um starfendarannsóknir í York varð fyrir valinu því starfendarannsóknarhópurinn í MS hefur byggt upp samband við ráðstefnuhaldarann og einn af aðal fyrirlesurum, Dr. Jean McNiff, síðan 2005 og er þetta í fjórða sinn sem MSingar fara á ráðstefnu á hennar vegum í Englandi og þriðja skiptið í York. Euroclio varð fyrir valinu því sögukennarar í MS eru í tengslum við samtökin sem eru mjög öflug, fagleg og starfa á evrópskum samstarfsgrunni. Einn úr sögudeildinni, Lóa S. Kristjánsdóttir er í stjórn Euroclio. Forstöðumaður bókasafns MS skipulagði heimsókn á bókasöfn í Svíþjóð og Danmörku í samstarfi við fagfélag sit tog voru þau söfn valin sem eru í fararbroddi á sviði bókasafns og upplýsingatækni á Norðurlöndunum. Starfsmenn MS ákváðu að fara í starfsmannaferð til Danmerkur og kynna sér framhaldsskóla þar sem eru í fararbroddi við innleiðingu nýrrar námskrár í Danmörku og valdi ferðanefnd skólana. Formaður ferðanefndarinnar var Pétur Rasmussen fagstjóri í dönsku en í nefndinni sátu einnig rektor MS og 3 fulltrúar starfsmanna.

What were the most relevant topics addressed by your project?

Skólaheimsóknir í Danmörku: Námskrár- og kerfisbreyting standa fyrir dyrum í MS og því var námskrá og breytingar á henni mikilvægt umræðuefni í heimsóknunum sem og það kerfi sem dönsku skólarnir vinna eftir.

Ráðstefna um starfendarannsóknir:

In case the topics chosen are different from the ones in the application, please explain why.

The topics are the same as in the application.

Which activities did you carry out in order to assess the extent to which your project has reached its objectives and produced results? How did you measure the level of success?

Við gátum nýtt okkur könnina sem fylgir Erasmus+ mobility tool sem er mjög gagnlegt. Ferðin til York á ráðstefnu um starfendarannsóknir var rædd á fundi starfendarannsóknarhópsins. Ferðin á ráðstefnu sögukennara Euroclio var kynnt og

rædd á starfsmannafundi í maí. Fræðsluferð forstöðumanns bókasafnsins var rædd á fundi í fagfélagi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum sem skipulagði ferðina. Fræðsluferðin til Danmerkur var kynnt í máli og myndum og rædd á starfsmannafundi í maí og einnig var spurt um árangur þeirrar fræðsluferðar í starfsmannakönnun í maí og sýna niðurstöður að mikil ánægja var meðal starfsfólks með ferðina. 86% eru mjög ánægðir með ferðina, 11% frekar ánægðir, 3 hlutlausir og 0% óánægðir. 31% töldu að ferðin hefði veitt sér mjög mikla innsýn og kennslu og skólamál, 63% frekar mikla innsýn í kennslu og skólamál, 6% voru hlutlausir en enginn taldi hana veita litla innsýn í kennslu og skólamál. 41% töldu ferðina hafa bætt starfsandann í skólanum mjög mikil og 41% töldu ferðina hafa bætt starfsandann frekar mikið, 14 voru hlutlausir, 5% töldu hana hafa frekar lítil bætt starfsandinn en 0% mjög lítið.

How did the participating organisations manage practical and logistical matters (e.g. travel, accommodation, insurance, safety and protection of participants, visa, work permit, social security, mentoring and support, preparatory meetings with partners etc.)?

Þátttakendur sáu sjálfir um að skrá sig á ráðstefnur og panta flug og hótél í samvinnu við fjármálastjóra. Ferðanefnd sá um að skipuleggja ferðina til Danmerkur og panta flug og gistingu fyrir alla þátttakendur, bæði þá sem fengu styrk frá Erasmus+ og greiddu sjálfir fyrir ferðina. Allir þátttakendur sáu sjálfir um sínar ferðatryggingar og eru allir handhafar evrópska sjúkratryggingarkortsins.

How were quality and management issues (e.g. setting up of agreements with partners, learning agreements with participants, etc.) addressed and by whom?

Undirbúningshópur skólaheimsóknar til Kaupmannahafnar sá um allt skipulag og utanumhald heimsóknarinnar. Lóa Steinunn Kristjánsdóttir hafði veg og vanda að undirbúningi þátttöku MS-inga á ráðstefnu Euroclio um lýðræði í skólastarfi. Hjördís Þorgeirsdóttir sá um undirbúning að þátttöku kennara á ráðstefnu um starfendarannsóknir í York. Fagfélag bókasafnsfræðinga sá um skipulagningu á námsferð forstöðumanns bókasafns MS.

What kind of preparation was offered to the different types of participants (e.g. task-related, intercultural, linguistic, risk prevention etc.)? Who provided such preparatory activities? How did you assess the usefulness of such preparatory activities?

Ekki var um skipulögð undirbúningsnámskeið að ræða en allar upplýsingar voru sendar til þátttakenda í gegnum tölvupóst af verkefnisstjórum hvers verkefnis. Meðal annars fengum við kynningu á danska framhaldsskólakerfinu áður en við lögðum af stað.

How were monitoring and/or the support of participants carried out during the project?

Verkefnisstjórar hvers verkefnis sáu um stuðning við þátttakendur á meðan á dvöl erlendis stóð. Þátttakendur hittust á undan og milli viðburða til að ræða reynslu sína og miðla upplýsingum sín á milli.

Please describe any problem(s) or difficulty you encountered during the project and the solutions(s) applied.

Engin vandamál komu upp í námsferðunum.

Please describe how the activities were organised. What were the working methods used? How did you cooperate and communicate with participating organisations?

Um er að ræða heimsóknir í skóla, ráðstefnur og að fylgjast með starfi einstakra starfsmanna þannig að fjölbreytni einkennir þessa fjóra atburði. Nefna má að þátttakendur hlýddu á fyrirlestra og einn þátttakandi, Hjördís Þorgeirsdóttir konrektor flutti fyrirlestur á ráðstefnunni í York. Í skólaheimsókninni og ráðstefnu Euroclio hlýddu þátttakendur á fyrirlestra, fóru á vettvang í skólunum og ræddu saman um starfið í litlum hópum.

Please also indicate and explain the reasons for eventual changes between the activities you planned at application stage and those finally realised. If applicable, please explain how eTwinning was used in implementation of the activities.

Engar breytingar urðu á verkefnum nema að þegar umsókn var send inn var ekki alveg ljóst hvaða skólar yrðu heimsóttir í starfsmannaferðinni til Danmerkur eða hvaða skólasöfn yrðu heimsótt af forstöðumanni bókasafnsins. eTwinning var ekki nýtt í verkefnum.

Please describe the background and profile of the participants (age, gender, ethnicity, professional profile, etc.) that have been involved in the project and how these participants were selected.

Alls fengu tíu starfsmenn Erasmus+ styrk í þessum fjórum verkefnum. Þetta voru átta konur og tveir karlar. Tveir skólastjórnendur, fimm millistjórnendur og þrír kennarar. Einn var á milli þrítugs og fertugs, tveir á milli fertugs og fimmtugs, sex á milli fimmtugs og sextugs og einn yfir sextugt.

Please describe, for each activity implemented, which competences (i.e. knowledge, skills and attitudes/behaviours) were acquired/improved by participants in your project? Were these in line with what you had planned? If not, please explain.

Sú þekking og reynsla sem starfsfólk Menntaskólans við Sund öðlaðist við námsferðirnar vikkaði sjóndeildarhring þeirra og jók almennt þekkingu þeirra og færni í starfi. Haustið 2015 tekur ný skólanámskrá gildi og ný viðbygging verður tekin í notkun með nýjum tækifærum fyrir skólann. Þar verða m.a. ný kennslu og stjórnendaráymi, ný bókasafns- og upplýsingamiðstöð og nýtt mótuneyti nemenda og starfsfólks tekið í notkun. Skólaheimsóknirnar, skólasafnsferðirnar og ferðir á ráðstefnur um starfendarannsóknir og sögukennslu stuðluðu að því að starfsmennirnir uppgötvuðu ný tækifæri fyrir starfseminu í skólanum á öllum þessum sviðum. Þeir hafa miðlað hluta þeirrar þekkingar til samstarfsfólksins á starfsmannafundum þannig að hún nýtist öllum starfsmönnum og nemendum til hagsbóta.

Allir þátttakendur efldu hæfni sína á sínu sérsviði sem eykur hæfileika þeirra til að taka virkan þátt í og vera í jákvæðu forystuhlutverki í því breytingaferli sem skólinn er núna í með gerð nýrrar skólanámskrár, búa til sveigjanlegra námskerfi og undirbúa að taka í notkun nýtt húsnæði haustið 2015. Verkefnið stuðlaði að faglegri og

persónulegri starfsþróun þeirra, þeir koma með nýjar hugmyndir frá Evrópu og eru tilbúnari til að leiða breytingaferlið sem skólinn er að ganga í gegnum með nýbreytni í starfi og víðari sýn á evrópska vísu. Forstöðumaður bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar MS er betur í stakk búinn til að byggja upp safnið í nýju húsnæði sem verður tekið í notkun um næstu áramót.

Please describe, for each activity, the methods used to evaluate learning outcomes (e.g. through reflections, meetings, monitoring of learning outcomes)?

Við gátum nýtt okkur könnina sem fylgir Erasmus+ mobility tool sem er mjög gagnlegt. Ferðin til York á ráðstefnu um starfendarannsóknir var rædd á fundi starfendarannsóknarhópsins. Ferðin á ráðstefnu sögukennara Euroclio var kynnt á starfsmannafundi í maí. Fræðsluferðin til Danmerkur var kynnt í máli og myndum og rædd á starfsmannafundi í maí og einnig var spurt um árangur þeirrar fræðsluferðar í starfsmannakönnun í maí og sýna niðurstöður að mikil ánægja var meðal starfsfólks með ferðina. 86% eru mjög ánægðir með ferðina, 11% frekar ánægðir, 3 hlutlausir og 0% óánægðir. 31% töldu að ferðin hefði veitt sér mjög mikla innsýn og kennslu og skólamál, 63% frekar mikla innsýn í kennslu og skólamál, 6% voru hlutlausir en enginn taldi hana veita litla innsýn í kennslu og skólamál. 41% töldu ferðina hafa bætt starfsandann í skólanum mjög mikil og 41% töldu ferðina hafa bætt starfsandann frekar mikið, 14 voru hlutlausir, 5% töldu hana hafa frekar lítil bætt starfsandinn en 0% mjög lítið. Námsferð bókasafnsfræðinga til Svíþjóðar og Danmerkur verður kynnt á fagfundi í Fagfélagi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum þann 18. September 2015.

Please describe any impact on the participants, participating organisations, target groups and other relevant stakeholders.

Sögukennarar hafa nýtt sér hugmyndir frá ráðstefnunni í kennslu og gögn sem þeir fengu. Þá eru þeir að vinna að þverfaglegu samstarfi í nýrri námskrá skólanas, þar sem þeir munu nýta sér reynsluna af ráðstefnunni og þann innblástur sem hún veitti þeim

Forstöðumaður bókasafnsins stefnir að því fá starfsemi bókasafnsins fléttaða inn í nýja námskrá á kerfisbundinn hátt og að lögð væri áhersla á upplýsingalæsi á öllum námsárum. Stefnt er að því að nemendur á fyrsta námsári fari í heimsókn á safnið og kynnist aðstöðu safnsins, starfsemi þess og þjónustu.

Ný námskrá er nú innleidd á fyrsta námsári og eru faglegir stjórnendur nú betur í stakk búnir en áður til að takast á við það verkefni. Fagstjórar hafa valið úr sínum hópi þrjá oddvita til að vinna með stjórnendum skólans að áframhaldandi vinnu við mótun nýrrar námskrár þar sem þeir geta nýtt reynslu sína af Danmerkurferðinni.

Starfendarannsóknarhópurinn heldur áfram starfi sínu næsta skólaár og verður áherslan áfram lögð á að auka ábyrgð nemenda í námi sínu með því að auka virkni nemenda í námi sínu og hlusta á raddir þeirra. Einn úr hópnum setti fram þá hugmynd að gera ætti bækling um leiðir kennara til að auka virkni og ábyrgð nemenda í náminu og vonandi verður það að veruleika.

To what extent have the participating organisations increased their capacity to co-operate at European/international level?

Skólinn hefur aukið möguleika sína á samstarfi við framhaldsskóla í Evrópu og nú þegar ákveðið að taka upp samstarf um samvinnunám nemenda við Herlev Gimnasium í Danmörku. Skólinn hefur einnig styrkt samstarf sitt við Euroclio um sögukennslu og Jean McNiff í York University um starfendarannsóknir.

How do you think the project has improved the quality of participating organisations regular activities?

Við teljum að í kjölfar námsferðanna hafi verið stigið skref í átt að fjölbreyttari kennsluháttum í skólanum, sem dæmi þá hefur samvinnunám eflst og nám um lýðræði í félagsgreinum. Ákveðið var nú í ágúst að leggja áherslu á að setja virkni og ábyrgð nemenda í öndvegi í nýrri skólanámskrá MS og leggja áherslu á að skapa góð skilyrði til náms með virkri þátttöku nemenda og hlusta á raddir nemenda við skiluplag og framkvæmd skólafarsins. Erasmus námsferðirnar hafa tvímælalaust haft jákvæð áhrif á þá þróun mála. Námsferðirnar styrktu kennara í því breytingastarfi sem unnið er í tenglum við samningu nýrrar námskrár og innleiðingu nýs kerfis. Rýnihópur kennara var stofnaður í vor um samningu námskrár sem eykur virka þátttöku kennara í þessu breytingaferli og eykur lýðræðið í skólanum. Ákveðið hefur verið að stofna einnig rýnihóp nemenda um nýja námskrá og mun það einnig auka lýðræðið í MS.

Which results of your project would you like to share? Please provide concrete examples.

Kynningin á ráðstefnu um starfendarannsóknir í York er aðgengileg á heimasíðu skólans og einnig útdráttur úr erindinu á <http://www.msund.is/page.asp?id=2625&x=> Kynningin er einnig send með skýrslunni í viðhengi.

Kynning Hafsteins Óskarssonar á námsferðinni til Danmerkur. Á <http://www.msund.is/page.asp?id=2625&x=>

Please describe the activities carried out to share the results of your project inside and outside participating organisations. What were the target groups of your dissemination activities?

Allar ferðirnar á vegum Erasmus+ verkefnisins eru kynntar á heimasíðu skólans undir fræðsluefni, þ.e. stofnanir, dagskrá, þátttakendur, kynningar og fleira. Þessar upplýsingar eru ætlaðar öllum starfsmönnum skólans of öðrum sem áhuga hafa t.d. nemendum, foreldrum og starfsmönnum annarra framhaldsskóla.

Sjá <http://www.msund.is/page.asp?id=2623&x=>

Á ráðstefnu um starfendarannsóknir í York hélt einn þátttakandi erindi þar sem Breytingastofa, rannsókn starfendarannsóknarhópsins: A school leader's attempt to co-configure two different roles in an insider action research og eru glærurnar aðgengilegar á heimasíðu skólans og einnig útdráttur úr erindinu á <http://www.msund.is/page.asp?id=2625&x=>

If applicable, please give examples of how the participants have shared their experience with peers within or outside your organisation.

Þátttakendur á ráðstefnu um starfendarannsóknir sögðu frá ferðinni á fyrsta fundi starfendarannsóknarhópsins haustið 2014 og glærurnar með erindinu í York voru sendar til allra í hópnum.

Einn þátttakenda í Danmerkurferðinni kynnti skólaheimsóknirnar í Danmörku með glærukynningu í máli og myndum á starfsmannafundi í maí 2015. Sjá meðfylgjandi skjal.

Tveir þátttakendur á ráðstefnu Euroclio kynnti ferðina á starfsmannafundi í maí 2015.

Do you intend to continue cooperating with the participating organisations in future projects? How?

Já, MS ætlar að halda áfram samstarfi við einn skólanna sem heimsóttir voru í Danmörku þ.e. Herlev Gymnasium. Samstarfið hefur það markmið að efla samvinnunám í MS og Herlev. Einn þátttakandinn í Danmerkurferðinni, Þóra Víkingsdóttir mun í vetur fara í vikuheimsókn til Herlev Gymnasium og hefur MS fengið Erasmus+ styrk fyrir job shadowing þar.

Já, starfendarannsóknarhópurinn mun halda áfram samstarfi sínu við Jean McNiff sem stendur árlega fyrir ráðstefnu í York og vonandi förum við aftur á hana sumarið 2016. Við stefnum einnig að því að fá hana aftur í heimsókn í MS til að vera með vinnubúðir um starfendarannsóknir.

Já, sögukennarar munu halda áfram samstarfi sínu við Euroclio, Lóa S. Kristjánsdóttir er í stjórn Euroclio og MS hefur fengið Erasmus+ styrk til að senda tvo fulltrúa á Euroclio ráðstefnuna í Belfast 2016.

Hjördís Þorgeirsdóttir

30. ágúst 2015